

**L Ö G**

52

3. marz

**um byggingu nokkurra raforkuveitna.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að koma upp á árinu 1945 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa og annast rekstur hennar fyrst um sinn. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árinu 1945 eða 1946 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stökkseyrar í Árnassýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu svo og að annast rekstur þeirrar veitu fyrst um sinn. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árunum 1945—1946 orkuveitum frá Akureyri til Dalvíkur með línu til Hríseyjar og frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og Reykjahverfis. Ríkisstjórninni heimilast að annast rekstur á þessum veitum fyrst um sinn.

Rekstur á raforkuveitum þessum getur ríkisstjórnin falið rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

**2. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að 12 millj. króna lán til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1. gr.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 3. marz 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

53

3. marz

**um breytingar á lögum um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nr. 69 31. des. 1937.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

10. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður greiðir árlega 700 þúsund krónur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Gjalddagar á tillagi ríkissjóðs eru 1. júlí og 1. október ár hvert.

Fé Jöfnunarsjóðs skal geymt og ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

## 2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er:

1. Að jafna framfærslukostnað samkvæmt VIII. kafla framfærslulaga, nr. 52 12. febr. 1940.
2. Að greiða fram úr fjárhagsörðugleikum bæjar- og hreppsfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.
3. Að leggja út greiðslur þær milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.

## 3. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal verja tekjum Jöfnunarsjóðs, að því leyti sem þörf krefur eða þær hrökkva til, til jöfnunar á framfærslukostnaði milli bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum VIII. kafla framfærslulaga.

Því af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem ekki verður árlega varið til jöfnunar milli sveitarfélaga samkvæmt framansögðu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, að varið skuli til að greiða fram úr erfiðleikum sveitarfélaga, sem í fjárþröng eru.

Ráðherra getur og ákveðið, að úr Jöfnunarsjóði megi verja fé til hvers þess, sem miðar að því að koma betra skipulagi á stjórn og framkvæmdir sveitar- og framfærslumálefna og til að styrkja samstarf sveitarfélaga, ef fé er fyrir hendi í sjóðnum.

Þá ákveður ráðherra einnig, hvort árlegum eftirstöðvum jöfnunarfjárins skuli skipt upp milli sveitarfélaga eða þær skuli geymdar til síðari ráðstöfunar. Þegar eftirstöðvum jöfnunarfjár er skipt milli sveitarfélaga, skal það gert í réttu hlutfalli við árlegan kostnað þeirra af fátækraframfærslu.

## 4. gr.

13. gr. laganna orðist þannig:

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn sjóðsins og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddögum fé það, er sjóðnum ber.

## 5. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna.

## 6. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Nánari ákvæði um starfrækslu Jöfnunarsjóðs setur félagsmálaráðherra með reglugerð, ef hann telur þess þörf.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr honum sjálfum.

## 7. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verði:

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

## 8. gr.

Fyrirsögn laganna verði:

Lög um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

## 9. gr.

53

3. marz

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 10. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu forseta, skal færa breytingarnar inn í meginmál þeirra og gefa þau út í heild svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 3. marz 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.*

## L Ö G

54

3. marz

um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa fyrir ríkissjóðs hönd eignir setuliðsins á Íslandi.

## 2. gr.

Ráðstöfun og sala þeirra eigna, sem yfirteknar verða skv. heimild í 1. gr., skal framkvæmd af 5 manna nefnd, sem ríkisstjórnin skipar. Fjórir nefndarmanna séu tilnefndir af stjórnmalaflokkunum, einn af hverjum, en ríkisstjórnin skipar formann, og sé hann jafnframt framkvæmdastjóri.

Forgangsrétt til kaupa á fasteignum eiga, að öðru jöfnu, bæjarfélög og sveitarfélög, þar sem fasteignin er.

## 3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að fela hæstarétti að nefna þriggja manna matsnefnd til að ákveða bætur handa landeigendum hér á landi vegna landspjalla, er þeir hafa orðið fyrir af völdum setuliðsins.

Hæstiréttur ákveður, hver matsmanna fer með formennsku í nefndinni, og skal hann vera lögfræðingur.

## 4. gr.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir um bætur.

## 5. gr.

Nú tekur ríkisstjórnin til umráða eða eignar mannvirki, sem setuliðið á hér á landi, og er þá ríkisstjórninni heimilt að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar að láta þau vera áfram þar, sem þau eru, gegn bótum, sem nefnd sú, er um getur í 3. gr., ákveður.

## 6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, og getur hún ákveðið í þeim, að bótanefndin geti stefnt fyrir